

## Stjórn leggur til að endurskoða lög félagsins á eftirfarandi hátt:

### 1. grein:

**Hljóðar svo:**

Félagið heitir FUGLAVERNDARFÉLAG ÍSLANDS. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

**Verður:**

Félagið heitir FUGLAVERNDARFÉLAG ÍSLANDS, einnig þekkt sem Fuglavernd. Enskt heiti félagsins er BirdLife Iceland. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

**Skýring:** Félagið hefur um árabil verið betur þekkt sem „Fuglavernd“ en „Fuglaverndarfélag Íslands“. Æskilegt er að lög félagsins endurspegli þetta. Þá hefur starf félagsins í auknum mæli teygst sig út fyrir landsteinana, og því er æskilegt að tilgreina einnig enskt heiti félagsins í lögum þess.

### 2. grein:

**Hljóðar svo:**

Tilgangur félagsins er verndun fugla og búsvæða þeirra, sérstaklega tegunda sem eru í útrýmingarhættu á Íslandi.

**Verður:**

Tilgangur félagsins er verndun fugla og búsvæða þeirra, með áherslu á tegundir í hættuflokkum á íslenskum eða alþjóðlegum válistum, auk tegunda sem teljast til ábyrgðartegunda Íslands eða eru lykiltegundir.

**Skýring:** Í ljósi fjölbreyttra og alvarlegra ógna sem steðja að fuglalífi landsins er æskilegt að útvíkka og skýra betur áherslur félagsins. Áherslur í starfi félagsins hafa undanfarin ár snert mörg önnur fuglaverndarmál en þau sem tengjast fuglum í útrýmingarhættu. Æskilegt er að lög félagsins endurspegli það.

### 3. grein:

**Hljóðar svo:**

Tilgangi sínum mun félagið ná með eftirfarandi:

1. Með því að vekja áhuga landsmanna fyrir fuglalífi landsins með fræðslustarfsemi.
2. Með því að vinna með innlendum og erlendum fugla- og náttúruverndarsamtökum, sem hafa svipuð markmið og Fuglaverndarfélag Íslands.
3. Með því að aðstoða og standa að rannsóknum á fuglum og búsvæðum þeirra.
4. Með því að koma fram gagnvart stjórnvöldum landsins og öðrum aðilum í þeim málum, sem lúta að markmiðum félagsins.

**Verður:**

Tilgangi sínum mun félagið ná með eftirfarandi:

1. Með því að vekja áhuga landsmanna á fuglalífi landsins með fræðslustarfsemi.
2. Með því að vinna með innlendum og erlendum fugla- og náttúruverndarsamtökum og stofnunum, sem hafa svipuð markmið og Fuglaverndarfélag Íslands.
3. Með því að stuðla að, aðstoða við og standa að rannsóknum á fuglum og búsvæðum þeirra.
4. Með því að koma fram gagnvart stjórnvöldum landsins og öðrum aðilum í þeim málum sem lúta að markmiðum félagsins.
5. Með því að hlúa að svæðum sem eru á ábyrgð félagsins, ýmist vegna samstarfssamninga eða eignarhalds.

**Skýring:**

Varðandi lið 2: Fuglavernd hefur gott samstarf við ýmsar rannsóknastofnanir, og er æskilegt að lög félagsins endurspegli það.

Varðandi lið 3: Fuglavernd hefur með fjáröflun og hvatningu stuðlað með beinum hætti að rannsóknum sem tengjast vernd fugla, án þess að aðstoða við eða framkvæma sjálfar rannsóknirnar. Æskilegt er að lög félagsins endurspegli slíkt starf.

Varðandi lið 5. Fuglavernd er eigandi meirihluta Hafnarhólma á Borgarfirði eystri og hefur til margra ára hlúað að Friðlandinu í Flóa. Æskilegt er að lög félagsins endurspegli á skýran hátt starf félagsins sem þar fer fram.

#### 4. grein:

**Hljóðar svo:**

Félagar geta allir orðið, hvar sem þeir eru búsettir á landinu eða erlendis. Aðalfundur kýs heiðursfélaga vegna starfa þeirra í þágu félagsins. Skulu þeir ekki greiða árgjald.

**Verður:**

Félagar geta allir orðið, hvar sem þeir eru búsettir á landinu eða erlendis.

**Skýring:** Ekki hefur verið kosinn heiðursfélagi í mörg ár, og er talið óþarft að tilgreina það sérstaklega í lögum félagsins.

#### 5. grein:

**Hljóðar svo:**

Stjórn félagsins skipa 7 félagsmenn og ræður hún öllum málum milli félagsfunda. Hver stjórnarmaður skal kosinn til tveggja ára í senn. Formaður er kosinn sérstaklega en stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti; varaformaður, ritari, gjaldkeri og þrír meðstjórnendur. Annað árið ganga úr stjórninni formaður og þrír aðrir stjórnarmenn, en hitt árið þrír stjórnarmenn.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef fjórir stjórnarmenn eru mættir, enda hafa allir stjórnarmenn verið boðaðir á fundinn. Á lögmatum stjórnarfundu ræður afl atkvæða úrslitum mála.

Enginn fastlaunaður starfsmaður félagsins getur jafnframt verið í stjórn þess.

Tillögum til stjórnarkjörs skal skila til stjórnar félagsins fyrir 15. febrúar þess árs er stjórnarkjör fer fram.

#### **Verður:**

Stjórn félagsins skipa 7 félagsmenn og ræður hún öllum málum milli aðalfunda. Hver stjórnarmaður skal kosinn til tveggja ára í senn. Formaður er kosinn sérstaklega en stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti; varaformaður, gjaldkeri og fjórir meðstjórnendur. Annað árið ganga úr stjórninni formaður og þrír aðrir stjórnarmenn, en hitt árið þrír stjórnarmenn.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef fjórir stjórnarmenn eru mættir, enda hafi allir stjórnarmenn verið boðaðir á fundinn. Á lögmætum stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Falli atkvæði að jöfnu vegur atkvæði formanns tvöfalt. Stjórn mótar stefnu félagsins, hefur eftirlit með starfsemi þess og styður við hana eftir því sem unnt er. Stjórn ræður framkvæmdastjóra, sem framfylgir stefnu stjórnar. Stjórn setur starfsreglur félagsins í samráði við framkvæmdastjóra, sem endurskoða skal eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti.

Enginn fastlaunaður starfsmaður félagsins getur jafnframt verið í stjórn þess.

Framboði til stjórnarkjörs skal skila til stjórnar félagsins fyrir 15. febrúar þess árs er stjórnarkjör fer fram.

**Skýring:** Lögð er til sú breyting á fyrstu efnisgreininni að „ritari“ sé ekki lögbundið hlutverk í starfi stjórnar. Um langt skeið hefur tíðkast að framkvæmdastjóri riti fundargerðir stjórnar, og þegar kemur að ritum bréfa, umsagna eða greinaskrifa stjórnar fer það eftir viðfangsefninu hverju sinni hvaða stjórnarmaður sinnir því verki. Ekkert er því til fyrirstöðu að stjórn skipti frekar með sér verkum en gert er ráð fyrir í lögum félagsins, en talið er óþarft að skipa stjórnarmann sem ritara.

Önnur efnisgreinin er útvíkuð verulega frá því sem nú er. Nauðsynlegt er að skýra hvernig afgreiða beri mál ef atkvæði stjórnar falli að jöfnu, en sú staða getur komið upp sé stjórn ekki fullskipuð á stjórnarfundum. Þá er í anda góðrar stjórnsýslu nauðsynlegt að skýra helstu hlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra og æskilegt er að tilgreina að stjórn móti starfsreglur félagsins. Þess má geta að sitjandi stjórn hefur undanfarið starfsár einmitt mótað slíkar starfsreglur.

#### **6.-8. grein:**

Í greinum 6-8 verður orðinu „samþykktir“ skipt út fyrir orðið „lög“, til samræmis við heiti laga félagsins.